

Hverfisráð Eyrarbakka

Fundargerð 32. fundur hverfisráðs þann 11. apríl 2022.

Mánudaginn 11. apríl kl. 19.00 kom Hverfisráð Eyrarbakka saman til fundar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka.

Fundinn sátu; Guðmundur Ármann formaður, Esther Helga Guðmundsdóttir, Vigdís Sigurðardóttir. Drífa Pálín Geirs, boðaði forföll.

Auk þess sat fundinn bæjarfulltrúinn Klara Öfjörð. Bæjarfulltrúi Brynhildur Jónsdóttir boðaði forföll.

1. Skipan hverfisráðs

Sigmar Ólafsson hefur sagt sig frá frekari störfum í hverfisráði.

Eggert Valur, hefur sagt sig frá störfum í bæjarstjórn og því úr hverfisráði. Sæti Eggerts í hverfisráði tekur bæjarfulltrúinn Klara Öfjörð.

Þeim Sigmari og Eggert Val er þakkað ánægjulegt og gott samstarf á vettvangi ráðsins.

2. Skólastarf BES á Eyrarbakka

Hverfisráð tekur undir vilja íbúa um mikilvægi þess að bráðabirgðahúsnæði fyrir skólalald efri bekkja BES verði staðsett á Eyrarbakka.

Hverfisráð leggur áherslu á að kennsla geti við skólasetningu í haust hafist í viðeigandi húsnæði, en ekki við þær aðstæður sem nú eru.

Hverfisráð leggur áherslu á að bæjaryfirvöld hefji sem fyrst undirbúning og nauðsynlega þarfagreiningu fyrir byggingu á nýju skólahúsnæði á Eyrarbakka.

3. Ábendingar hverfisráðs og staða mála

Farið var yfir þau mál / atriði sem hverfisráð hefur sent frá sér. Að mörgu hefur verið hugað og er það þakkað. Hverfisráð óskar upplýsinga um stöðu og/eða afgreiðslu eftirfarandi atriða;

28. fundur hverfisráðs;

- mál 2, merkingar húsa

- mál 3, götumerkingar

29. fundur hverfisráðs;

- mál 8b, umferðaröryggismál, umferðarhraði á Eyrargötu

- mál 8c, umferðaröryggismál, gatnamót Álfstéttar og Stekkjavaðs við Eyrarbakkaveg

30. fundur hverfisráðs;

- mál 3, Gónhóll

31. fundur hverfisráðs

- mál 3. fjárfestingaáætlun, framkvæmdir á Eyrarbakka 2022

- mál 4. fríbívöllur

- mál 7. tjaldstæði og umgengni á svæðinu

4. Tillaga að nýju aðalskipulagi, Eyrarbakki

Hverfisráð hefur yfirfarið tillögu að nýju aðalskipulagi er varðar Eyrarbakka. Hverfisráð gerir fjölda athugasemda við fyrirbyggjandi drög. Formanni falið að ganga frá athugasemdum hverfisráðs og senda á skipulagsfulltrúa fyrir tímamörk þann 27 apríl n.k.

Ábendingar/athugasemdir hverfisráðs eru hluti fundargerðar og meðfylgjandi.


5. Verndarsvæði í byggð

Hverfisráð hefur óskað upplýsinga hjá bæjaryfirvöldum varðandi staðfestingu ráðuneytis á verkefninu Verndarsvæði í byggð. Ekki liggur fyrir hvenær verkefnið verður staðfest af ráðherra.

6. Tenging að hestúshverfi

Mannvirkja- og umhverfissvið hefur sent ráðinu til umsagnar tillögu að nýrri aðkomu að hestúshverfi norðan Eyrarbakkavegar.

Hverfisráð leggur fram tillögu, þar sem að sú breyting verði gerð að það verði aðeins einn "stútur" af Eyrarbakkaveg í norður, sjá mynd.



Formanni og ritara falið að ganga frá fundargerð.

Meðfylgjandi samanber lið 4. í fundargerð eru ábendingar hverfisráðs varðandi tillögu að nýju aðalskipulagi.

Fundi slitið kl. 21.15.

Vigdís Sigurðardóttir

Eyrarbakka þann 27. apríl 2022

Tillaga að aðalskipulagi Árborgar 2020 - 2036

Athugasemdir / ábendingar Hverfisráðs Eyrarbakka.

Hverfisráð leggur áherslu á að fjallað sé á aðgreindan hátt um Eyrarbakka í aðalskipulagi en ekki sem Eyrarbakka og Stokkseyri.

Hér er um tvö þéttbýli að ræða og er í senn eðlilegt og rétt að um þau sé fjallað á aðgreindan hátt. Byggðirnar eru um margt ólíkar og eiga þær að fá sjálfstætt vægi og sjálfstæða umfjöllun í aðalskipulagi.

Verkefnið, Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka er tímamótaverkefni. Það verkefni áherslur þess og kvaðir eiga að vera leiðandi er varðar aðalskipulag Eyrarbakka, úr því þarf að bæta.

ÍBÚÐABYGGÐ / LÓÐIR

Hverfisráð leggur áherslu á að ný svæði sem verða skipulögð undir byggð á Eyrarbakka, hvort heldur íbúðasvæði og/eða athafnasvæði taki mið af þeim þorpsbrag /byggðasérkennum sem eru á Eyrarbakka.

Þannig verði sérstaklega horft til aldamótaþorpsins Eyrarbakka og Verndarsvæðis í byggð þegar kemur að byggðarþróun og yfirbragði Eyrarbakka í skipulagsmálum og við framkvæmdir.

Þannig væri t.d. æskilegt að lögð væri áhersla á við frágang á almenningsvæðum væru hlaðnir garðar eins og áður var ríkjandi í byggðinni og að útfærslur sem hæfa sérstaklega byggðinni.

Í töflu 13. er samantekt yfir fjölda óbyggðra íbúða í íbúðabyggð á Eyrarbakka. Hverfisráð vekur athygli á því að á þremur reitum, þ.e. Einarshafnar- og Skúmsstaðarhverfi, Garðhús að Álfsstétt og Steinskot. Þessir þrjú reitir eru innan Verndarsvæðis í byggð. Eðlilegt er að það sé sérstaklega tilgreint í lýsingu/skilmálum þessara svæða.

Reiturinn Merkisteinsvellir, þessi reitur er að langmestu leiti tekinn nýr inn í skipulagið. Gert er ráð fyrir 25 til 30 lóðum, af þeim eru 7 lóðir byggðar. Reiturinn er ekki deiliskipulagður.

Þessi reitur (Merkisteinsvellir) er merktur ÍB45 í drögum og við þennan reit eru ekki sjóvarnir.

Þess er ekki getið að við þennan reit vantar sjóvarnir, reiturinn er settur inn á aðalskipulag sem byggingasvæði.

Á bls. 48 í greinargerð með skipulaginu kemur fram að ekki hafi verið farið í mat á sjóvörnum á Eyrarbakka frá árinu 2011. Í því mati kemur fram að umrætt svæði sem nú á að koma inn í aðalskipulag sem framtíðar byggingasvæði á Eyrarbakka hafi verið í forgang D hjá Vegagerðinni árið 2011.

Ef taka á þetta svæði inn í skipulagið sem framtíðar íbúðarsvæði, verða bæði forsendur og grundvallar upplýsingar að liggja fyrir og að vera frá þeim sagt í aðalskipulagi með skýrum hætti.

Svæði sem ætlað er undir byggð, í fyrirliggjandi drögum er þrengt mjög frá því sem nú er í gildandi aðalskipulagi fyrir Eyrarbakka. Einu rökin sem finna má fyrir þessari breytingu má finna í umfjöllun um Eyrarbakka (og Stokkseyri) í umhverfisskýrslu, þar segir;

"Í endurskoðun aðalskipulagsins var ákveðið að þrengja þéttbýlismörk á báðum stöðum. Með því að gera það vill sveitarfélagið sýna betur þá stefnu að klára þarf uppbyggingu á reitum sem þegar eru farnir í byggingu en ekki að hefja byggingu á öðrum reitum sem eru ekki í góðri tengingu við kjarna þéttbýlisstaðanna. Þeir reitir sem í gildandi skipulagi voru við þéttbýlin eru því skilgreindir sem landbúnaðarsvæði. Sveitarfélagið vill þetta byggðina og mynda með því meiri samfellu".

Þetta er eina skýringin sem finna má varðandi þessa stefnumarkandi og áhrifamiklu forsendu. Það er eðlilegt að fram komi hver tekur slíka stefnumarkandi ákvörðun. Enda er ákvörðunin þess valdandi að það er nánast búið að loka fyrir uppbyggingu á Eyrarbakka á húsnæði gangi breytingin eftir.

Á Eyrarbakka er og hefur verið um árabíl viðvarandi skortur á lóðum. Þar sem sveitarfélagið hefur þó deiliskipulagt svæði til uppbyggingar húsnæðis, þar hefur ekki verið framkvæmt af hálfu sveitarfélagsins þannig að hægt sé að auglýsa þær lóðir. Þrenging byggðar er úr öllu samhengi við þá stöðu og þann veruleika sem er og hefur verið á Eyrarbakka.

Hverfisráð leggst alfarið gegn þrengingu þess svæðis sem ætlað er til byggðar, eins og boðað er og gerir kröfu um að byggt verði á þeim grunni sem núverandi skipulag skilgreinir.

Náttúruvá og stækkun á götunni Hjalladæl

Svæði umhverfis og við byggðina sem skilgreint er sem náttúruvá er fært í aðalskipulaginu að norðan, sbr. eldra aðalskipulag. Þess er ekki sérstaklega getið í umfjöllun með tillögunni og því ekki færð rök fyrir þeirri ráðstöfun.

Athygli er vakin á því að sveitarfélagið auglýsti þann 12. maí 2021 skipulagstillögu nr. 123/2010 er varðar Hjalladæl og Túngötu. Í þeirri tillögu er óskað samþykkis deiliskipulags fyrir 38 íbúðir með framlengingu á götunni Hjalladæl. Útmörk núverandi deiliskipulags eru með tillögunni færð aðeins utar, það er lengra til norðurs til að koma fyrir nýjum byggingalóðum.

Í skipulagstillögunni segir orðrétt; "Í deiliskipulaginu er tekið tillit til flóðahættu en landið er í dag lægra en það svæði sem núverandi byggð stendur á."

Í aðalskipulagstillögu varðandi sama svæði er skilgreindu náttúruvásvæði breytt. Það er þrengt og fært nær byggðinni enn nú er. Þessi breyting á náttúruvásvæði er ekki rökstudd í aðalskipulagstillögunni, auk þess sem breytingin er í mótsögn við það sem staðhæft er í skipulagstillögu sveitarfélagsins sem lögð var fram þann 12 maí s.l. um sama svæði.

Því er ósvarað hvort að búið er að loka fyrir byggingu á þeim 38 íbúðum sem skipulagstillaga nr. 123/2010 gerir ráð fyrir en til hefur staðið að fara í úthlutun þeirra lóða.

Það verður að teljast sérstakt að þetta atriði sé ekki tiltekið og/eða útskýrt í þeim drögum að breyttu aðalskipulagi sem nú liggur fyrir.

Með þeim drögum að aðalskipulagi fyrir Eyrarbakka sem nú er lagt fyrir er ljóst að ekki er bætt úr því viðvarandi vandamáli sem lóðaskortur er á Eyrarbakka. Við þessu þarf að bregðast og úr að bæta.

Aðalskipulagið fyrir Eyrarbakka mun þannig halda áfram að hamla því að Eyrarbakki geti byggst upp og þróast á eðlilegan hátt.

Viðvarandi lóðarskortur er festur í sessi langt inn í framtíðina og verði þessi drög samþykkt mun það valda þróun byggðarinnar á Eyrarbakka varanlegum skaða.

ÍBÚAR OG BREYTINGAR Á ÍBÚAFJÖLDA

Í greinargerðinni, Aðalskipulag Árborgar, forsendur og umhverfisskýrsla er í kafla 2. fjallað um íbúa og breytingar á íbúafjölda í þéttbýli og dreifbýli Árborgar.

Er varðar Eyrarbakka er rétt að draga fram nokkrar staðhæfingar í skýrslunni;

"Fjölgun íbúa hefur verið stöðug á Selfossi síðustu 5 ár á meðan breytingar á Eyrarbakka (og Stokkseyri) hafa verið sveiflukenndari og fátt sem bendir til að þar verði langtíma vaxtarskeið eins og á Selfossi."

"Vegna þess að íbúafjöldi á Stokkseyri og Eyrarbakka hefur staðið í stað síðastliðinn áratug og ekki hefur verið samfellt vaxtarskeið líkt og á Selfossi þá hefur hlutfall íbúa á Eyrarbakka (og Stokkseyri), sem hlutfall af heildaríbúafjölda sveitarfélagsins, lækkað töluvert."

"(Það) hlutfall hefur þó farið heldur hækkandi frá árinu 2007 í dreifbýli Árborgar, úr 2,8% af heildarfjöldanum upp í 3,4% í byrjun árs 2021."

Þess er ekki getið í umræddri samantekt að framboð lóða á Eyrarbakka hefur nánast ekkert verið á þessum tíma. Ekki hefur verið lögð áhersla á að koma þeim lóðum sem þó eru tiltækar á framfæri eins og eðlilegt væri af hálfu sveitarfélagsins.

Lóðir við Hulduhóla á Eyrarbakka hafa byggst mjög hratt upp og eru þær uppseldar. Þess er ekki getið.

Í dag eru í raun ekki til lóðir á Eyrarbakka til uppbyggingar á íbúðahúsnaði og hafa ekki verið til í lengri tíma.

Þessi óeðlilega og óumbeðna staða sem Eyrarbakka er búinn er afgerandi þáttur í þeirri stöðu sem við er að eiga og mótar greinilega ýmsar órökstuddar og rangar fullyrðingum í umræddri skýrslu.

Það er ekki eðlilegt að búa Eyrarbakka þröngan stakk í skipulagi og fullyrða svo á þeim grunni að sama staður hafi ekki vaxtarmöguleika, eins og gert er.

Varðandi aldurssamsetningu á Eyrarbakka í samanburði við Selfoss kemur fram að töluvert lægra hlutfalla barna býr á Eyrarbakka en hlutfallslega á Selfossi og hefur hlutfallið lækkað frá árinu 2011. Einnig kemur fram að íbúum á aldrinum 60 til 80 ára hefur fjölgað hlutfallslega mest á Eyrarbakka.

Ekki er að sjá að horft sé til þessarar þróunar í aðalskipulagsvinnu. Ef það er vilji bæjarstjórnar og íbúa að byggð sé blönduð fólk á ólíkum aldri að þá þarf aðalskipulagstillagan að horfa til þess og að bjóða leiðir til að vinna að þeirri þróun á Eyrarbakka.

Er varðar íbúðabygð og þéttingu byggðar á Selfossi kemur fram í skýrslu um forsendur að;

"Gert er ráð fyrir að um 80-90% uppbyggingar íbúðarhúsnæðis verði á Selfossi en 10-20% dreifist á Stokkseyri, Eyrarbakka og dreifbýlið."

Nauðsynlegt er að það komi fram á hvaða grundvelli þessi stefnumarkandi ákvörðun byggir og með hvaða forsendur er lagt upp með við þá ákvörðunartöku. Einnig er nauðsynlegt að upplýsa um áætlaða skiptingu þeirrar 10 til 20% uppbyggingar sem skiptast eiga á milli Eyrarbakka, Stokkseyrar og dreifbýlis fram til ársins 2036.

[Húsnæðisáætlun Árborgar 2020 - 2024](#) er hluti af tillögu að nýju aðalskipulagi. Í þeirri áætlun sem er stefnumarkandi kemur Eyrarbakki einu sinni fyrir;

Eins er rekið félagsstarf á vegum eldri borgara á Eyrarbakka (og Stokkseyri).

Eyrarbakki er einfaldlega ekki hluti af húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Vissulega er talað um Árborg, en útlistun á Árborg í skýrslunni og þeim þáttum sem þar er um fjallað nær ekki til Eyrarbakka á nokkurn hátt.

Húsnæðisáætlun fjallar meðal annars um, framboð íbúða, fasteignamarkaðinn, leigumarkaðinn, byggingaframkvæmdir, nýbyggingasvæði, þéttingu byggðar, félagslegt húsnæði, sértæk búsetuúrræði, almennar leiguíbúðir og stöðu eldri íbúa.

Til dæmis í kafla skýrslunnar þar sem fjallað er um skipulagsmál eru aðeins tilgreindar lóðir á Selfossi sem eru til reiðu og geta komið til úthlutunar á gildistíma áætlunarinnar. Það sama á við þegar fjallað er í sömu skýrslu um nýbyggingasvæði, aðeins svæði á Selfossi.

Það er sem Eyrarbakka sé í fjötrum haldið og því mótmælir Hverfisráð harðlega og krefst breytinga.

ÍÞRÓTTIR, ÚTIVIST & GRÆN SVÆÐI

Knattspyrnuvöllur, vakin er athygli á því og við það gerð athugasemd að með því að taka svæði ÍB45 / Merkisteinsvelli undir íbúðabyggð eins og áður hefur verið fjallað um er tekinn á brott knattspyrnuvöllur. Völlur sem verið hefur á þessum stað í áratugi og er nýttur af íbúum Eyrarbakka og öðrum íbúum í Árborg.

Það sem vekur þó furðu er að þessari breytingu er hvergi getið í greinargerð. Það sem vekur enn meiri furðu er að nýjum knattspyrnuvelli (í stað þess sem er víkjandi í aðalskipulagstillögu án þess að það sé nefnt) er ekki ætlaður staður í nýrri tillögu að aðalskipulagi fyrir Eyrarbakka.

Fyrir liggur stefna sveitarfélagsins eins og fram kemur fram í greinargerð með aðalskipulagstillögunni;

"að byggja upp öflug íþróttasvæði í tengslum við skólastarf og bættu lýðheilsu".

Þeirri spurningu er ósvarað með hvaða hætti þessi breyting, þar sem heill knattspyrnuvöllur og sá eini í byggðinni í fullri stærð er aflagður samræmist þeirri stefnu sem skipulagið er sagt byggja á varðandi íþróttasvæði.

Græn svæði, í fyrirliggjandi aðalskipulagsuppdrátt fyrir Eyrarbakka og í greinargerð kemur fram án þess að þess sé getið beinum orðum að **öll græn svæði** innan byggðarinnar eru tekin út úr skipulagi byggðarinnar.

Það er **EKKERT** grænt svæði skilgreint í fyrirliggjandi skipulagsdrögum innan byggðar á Eyrarbakka. Í núgildandi aðalskipulagi er fjöldi grænna svæða innan byggðar og við byggðina.

Aðalskipulagstillagan skilgreinir, afmarkar og tiltekur eitt grænt svæði sem er 61 ha að stærð. Svæðið er skilgreint í kringum byggðina og til norðurs að mestu. Að skilgreina eitt stórt svæði utan byggðar sem opið svæði og eina opna svæðið, hefur í raun lítið vægi og er ekki í neinu samhengi við tilgang, stefnu og markmið slíkra svæða.

Með þessari grundvallarbreytingu, sem þó er ekki getið, eru tekin út úr gildandi skipulagi á Eyrarbakka merkt og skilgreind græn- / útivistarsvæði. Þar má nefna, almenningsgarða, útivistarsvæði, leikvelli, íþróttavöll, golfvöll og reiti ætlaða til gróðursetningu skjólbelta og fleira.

Rétt er að minna á að í greinargerð með skipulaginu, er lögð sérstök áhersla á;

„Græn svæði innan þéttbýlis.“

"svæði fyrir almenna útivist í þéttbýli þar sem gert er ráð fyrir leik, hvíld og heilsuefningu".

Þéttbýli eru þrjú í sveitarfélaginu Árborg; Eyrarbakki, Stokkseyri og Selfoss.

Hverfisráð mótmælir harðlega þessari breytingu sem er í senn úr takt við markmið skipulagstillögunnar og úr öllu samhengi við samfélagslega þróun. Fjölbreytt græn svæði eru og eiga að vera órjúfanlegur þáttur hvernar byggðar.

MIÐSVÆÐI

Húsnæði á miðsvæði og notkun þess hefur rýmri heimildir og fjölbreyttari möguleika til notkunar en húsnæði utan miðsvæðis.

Ekki er gerð grein fyrir, né það útskýrt með hvaða hætti miðsvæði er skilgreint. Hvað ræður hvaða hús falla innan og/eða utan þess svæðis.

Nauðsynlegt er að forsendur séu skýrar og frá þeim sagt þannig að hægt sé að taka efnislega afstöðu til umrædds svæðis.

BYGGÐ & ATVINNA Á EYRARBAKKA

Undir þessum lið er mörkuð einstaklega viðeigandi og metnaðarfull stefna í greinargerð með aðalskipulagstillögunni. Í umræddri stefnu er varðar byggð og atvinnu á Eyrarbakka segir;

- *Að draga byggðarsérkenni hvers þéttbýliskjarna (Eyrarbakki & Stokkseyri) skýrt fram og byggja framtíðarsýn á því.*
- *Að ný byggð verði aðlöguð að núverandi byggð svo einkenni þorpanna haldist.*
- *Að leggja áherslu á þéttingu byggðar á þegar byggðum svæðum, áður en byggt verður á nýjum svæðum/reitum.*
- *Að styðja við fjölgun íbúa með aðlaðandi búsetumynstri.*
- *Að heimild sé fyrir minniháttar atvinnustarfsemi innan íbúðarbyggðar svo sem gistiheimili, ferða- þjónustu, minni verslanir og menningartengda starfsemi, til að efla fjölbreytni í atvinnulífi.*
- *Að hvetja til þess að gömul hús, sem tekið hafa miklum breytingum, verði gerð upp í upphaflegum byggingarstíl.*
- *Að stuðla að verndun einstakra húsa, ólíka byggingargerð þeirra og sérkenni. Einnig sýnilegar minjar og samspil þeirra við byggðina.*
- *Að götur, stígar og almannarými falli að yfirbragði byggðar og sérkennum þéttbýliskjarnans.*

Hverfisráð fagnar mjög þessum áherslum. Á þessum grundvelli leggur Hverfisráð til að svæði AT9 - athafnasvæði vestan við götuna Hafnarbrú verði endurskilgreint til samræmis við svæði AF1 sem afþreyingar og ferðamannasvæði. Stærð AT9 verði einnig færð til samræmis við stærð AF1 til vesturs.

Samkvæmt mælingum Ferðamálastofu er Eyrarbakki mjög fjölsóttur ferðamannastaður og hefur verið um árábil. Fyrir liggur mikilvægi þess að uppbygging eigi sér stað á Eyrarbakka til

Þess að tryggja að aukinn fjöldi ferðamanna stoppi á Eyrarbakka og með því skapi ferðamenn atvinnu og tekjur á svæðinu.

Fjaran sérstaklega frá höfninni og að Ölfusárós er mikið notuð útivistarparadís bæði af íbúum í Árborg sem og gestum.

Með því að skilgreina þetta svæði vestast í byggðinni sem afþreyingar og ferðamannasvæði í beinum tengslum út í ósnortna náttúruna opnast mikið tækifæri. Mikilvægt er að þessi breyting verði með skýra skilmála byggða á ofangreindri stefnu og í samræmi við áherslur sem koma fram í Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka.

Fjölþætt starfsemi á að geta rúmast innan slíks svæðis þar sem handverksfólk, listamenn, menningarstarfsemi, gistipjónusta, kaffihús, ferðafrömuðir og aðrir eiga að geta byggt upp fjölbreytta starfsemi í umgjörð sem fellur að byggðasérkennum Eyrarbakka. Svæði þetta þarf svo að hanna heildrænt, kynna og markaðssetja.

Umhverfismatsskýrsla

Tilgangur þessa þáttar er samkvæmt skýrslunni og eins og segir;

"Umhverfismat er unnið samhliða endurskoðun aðalskipulags. Í umhverfismati eru valkostir fyrir breytta stefnu frá eldra aðalskipulagi settir upp og bornir saman, eftir því sem við á."

Metnir eru 7 umhverfisþættir, við hvern flokk eru fullyrðingar hvað varðar stöðu og mat skýrsluhöfunda á stöðu í hverjum flokk. Ef aðeins er horft til þeirrar tillögu er varðar uppbyggingu iðnaðarhverfis í Steinkotsmýri og þær forsendur sem þar eru. Þá standast fullyrðingar og rökstuðningur um 6 af 7 umhverfismatsatriðum væntanlega enga skoðun er varðar Eyrarbakka.

Það verður að teljast sérstakt að leggja til 58.6 ha iðnaðarsvæði í túnfæti Eyrarbakka þar sem gert er ráð fyrir mengandi starfsemi berum orðum og að taka ekki tillit til þess þegar lagt er mat á umhverfisþætti þess sama samfélags.

Hverfisráð mótmælir þessari nálgun við mat á umhverfisþáttum.

Valkostir í skýrslunni er fjallað faglega ítarlega um valkosti Selfoss. Þegar kemur að Eyrarbakka (og Stokkseyri) segir;

"Ekki var um eiginlega valkosti að ræða fyrir Eyrarbakka (né Stokkseyri). Íbúafjöldi á þessum þéttbýlis- stöðum hefur verið í kringum 500 manns á hvorum stað. Mikilvægt er að halda íbúafjöldanum stöðugum og fjölga íbúum til að halda úti þeirri þjónustu sem nú er í þorpunum."

Ennfremur segir;

"Í endurskoðun aðalskipulagsins var ákveðið að þrengja þéttbýlismörk á báðum stöðum. Með því að gera það vill sveitarfélagið sýna betur þá stefnu að klára þarf uppbyggingu á reitum sem þegar eru farnir í byggingu en ekki að hefja byggingu á öðrum reitum sem eru ekki í góðri tengingu við kjarna þéttbýlisstaðanna. Þeir reitir sem í gildandi skipulagi voru ekki í tengslum við þéttbýlin eru því skilgreindir sem landbúnaðarsvæði. Sveitarfélagið vill þetta byggðina og mynda með því meiri samfellu. Því er lagt heildstætt mat á umhverfisáhrif stefnunnar fyrir þorpin, út frá umhverfisþáttum og viðmiðum."

Eyrarbakka er ítrekað og áfram haldið í fjötrum. Hverfisráð mótmælir þeirri nálgun sem er í aðalskipulagstillögunni og krefst þess að byggðin fái eðlileg tækifæri til vaxtar og uppbyggingar.

Óskað er skýringa á eftirfarandi staðhæfingum sem fram koma fram í yfirliti um umhverfisáhrif stefnunnar á Eyrarbakka;

Óskað er upplýsinga um þessi svæði, þau er ekki að finna í skipulagsuppdraetti.

"Betur hefur verið gerð grein fyrir opnum svæðum og svæðum sem talin eru vera mikilvæg sem votlendi innan þéttbýlis."

Hverfisráð óskar eftir að fá afrit af umferðaröryggisáætlun og sérstaklega þeim þáttum sem snúa að Eyrarbakka. Hverfisráð hefur óskað eftir breytingum er varða umferðaröryggi, einnig hefur Vegagerðin gert slíkt hið sama. Hvorugur aðili hefur svo vitað sé verið að leggja áherslu á stígakerfi þó mikilvæg séu.

"Umferðaröryggisáætlun var unnin samhliða aðalskipulagi og munu m.a. úrbætur á stígakerfi vera gerðar samkvæmt niðurstöðu áætlunarinnar."

Í þeim skipulagsuppdraetti sem lagður er fyrir er búið að taka út öll skilgreind græn svæði. Hverfisráð óskar eftir að fá að sjá hvar þeir staðir sem nefndir eru finnast á skipulagsuppdraetti fyrir Eyrarbakka.

"Með góðum og fjölbreyttum opnum svæðum og góðu stígakerfi er verið að veita íbúum gott aðgengi að fjölbreyttri útvist til heilsuefningar en um leið að gera samgöngukerfið aðlagandi fyrir vistvæna ferðamáta."

Samgöngutengingar og ferðamátar, hverjar eru tengingarnar og ferðamátarnir.

"Góðum samgöngutengingum með áherslu á vistvæna ferðamáta"

Óskað er eftir sjá staðsetningu þessara svæða á skipulagsupprætti.

"Einnig er verið að halda í votlend svæði innan þéttbýlis."

Samantekin niðurstaða umhverfismats skýrslunnar;

"Á heildina litið eru áhrif af stefnunni á Stokkseyri og Eyrarbakka metin jákvæð.

Áhersla er á að viðhalda sérkennum þorpanna en einnig að nýta vannýtt svæði með því að þrengja þéttbýlismörkin og auka sveigjanleika í landnotkun. Stefnan gefur opnum svæðum meira vægi með því að skilgreina þau betur."

Umfjöllun um Eyrarbakka í þessari skýrslu er afgreiðsla, ekki metnaðarfull stefnumörkun til ársins 2036.

Hverfisráð mótmælir þessu metnaðarleysi, yfirlýsingum og orðum skýrslunnar sem ekki eru í takt við það sem í raun er boðað varðandi framtíð Eyrarbakka.

SVÆÐI UTAN SKILGREINDS ÞÉTTBÝLISINS EYRARBAKKA, ENN VARÐA BYGGÐINA MEÐ BEINUM HÆTTI

Hverfisráð óskar eftir því að þéttbýlisuppráttur Eyrarbakka í aðalskipulagi nái hið minnsta yfir jafn stórt svæði og núgildandi skipulagsuppráttur.

Hesthúsabyggð norðan við Eyrarbyggð er tekin út úr þéttbýlisupprætti. Hverfisráð telur æskilegt að það svæði sem skilgreint er fyrir umrædda byggð sé hluti af þéttbýlisupprætti Eyrarbakka og hluti þess heildarskipulags sem nær yfir Eyrarbakka. Vakin er athygli á því að íbúðabyggð er auk þess í umræddu hverfi og telst hún til Eyrarbakka.

Í tengslum við hverfið er fjöldi möguleika til þróunar. Hægt er að þróa þetta svæði til norðurs og/eða vesturs með einföldum hætti. Með því að skilgreina svæði í norðvestur frá hesthúsabyggð mætti hugsa sér blandaða byggð. Hana mætti t.d. skilgreina á grunni þess sem lögð er áhersla á í greinargerð með aðalskipulagstillögunni;

"sveitarfélagið vill nýta landbúnaðarland til matvælaframleiðslu m.a. á litlum bæjartorfum."

Það myndi mjög hæfa þessu svæði norðan þjóðveggar og ofan byggðar, enda ræktarland að fornu. Nauðsynlegt er að skipuleggja svæðið gefa því form og mótað yfirbragð.

Óseyrarnes, efnistöku- og efnislosunarsvæði. Í tillögu að aðalskipulagi er skilgreint nýtt svæði E3, efnislosunarsvæði. Svæðið er við Óseyrarnes, það er rétt áður en komið er að Óseyrarbrú frá Eyrarbakka, norðan við/ofan við Þjóðveginn. Svæðið er þannig það fyrsta sem hver sér sem kemur inn í sveitarfélagið um Óseyrarbrú og það síðast sem fólk sér þegar það ekur út úr sveitarfélaginu um Eyrarbyggveg.

Í tillögunni segir með efnislosunarsvæðið;

“Það efni sem losað verður verði nýtt til að mynda rofvarn fyrir Ölfusá. Mikilvægt er að svæðið verði formað þannig að það afvatnist auðveldlega m.t.t. sjávarflóða. Heimilt er að losa allt að 500.000 m³ af efni.”

Svæðið sem skilgreint er fyrir efnislosunina er 10 ha og heimilt verður að losa allt að 500 þúsund rúmmetra. Ekki kemur neitt fram um útfærslur, hvaða efni á að vera heimilt að losa eða nokkrar forsendur fyrir svæðinu né heldur eru nokkrar kvaðir settar varðandi svæðið.

Allir möguleikar eru þannig opnir þegar kemur að því að deiliskipuleggja þetta svæði, verði þessi tillaga samþykkt. Tillagan þarf lögum samkvæmt að fara í umhverfismat.

Til að setja þessi áform í samhengi að þá tekur stór vörubíll um 10 rúmmetra hlass. Til þess að losa þetta magn þarf 50 þúsund ferðir vörubíla.

Svæðið sem taka á undir efnislosun er auk þess vinsælt útvistar- og veiðisvæði á laxi og silungi. Jafnvel eru þar mikilvæg hrygninga- og uppvaxtarsvæði lax og silungs auk annara tegunda s.s. flundru og áls en ekki fylgja með upplýsingar um hvort það hafi verið rannsakað.

Hverfisráð mótmælir þessum áformum harðlega og krefst þess að þetta svæði og ósar Ölfusár verði ekki gerðir að efnislosunarsvæði.

Steinkotsmýri. Í tillögu að aðalskipulagi er skilgreint nýtt svæði I8, iðnaðarsvæði. Svæðið er staðsett við Eyrarbyggveg, norðaustur við byggðina á Eyrarbakka. Svæðið er 58.6 ha að stærð. Í lýsingu með svæðinu segir eftirfarandi;

“Blönduð landnotkun iðnaðar-, athafna-, og verslunar- og þjónustustarfsemi. Fyrirhugað er að innan svæðisins geti verið fjölbreytt atvinnustarfsemi. Við deiliskipulagsgerð skal hugað að ásýnd svæðisins frá vegi og nærliggjandi svæðum. Fyrirhugað er að þarna geti fyrirtæki sem séu rýmisfrek byggt upp aðstöðu sína. Heimilt er að vera með allt að 60 lóðir. Nýtingarhlutfall getur verið allt að 0,5 og mænishæð allt að 10,0 m. Nota skal skjólbelti og manir til að draga úr sýnileika mannvirkja. Vera skal með hreinlega starfsemi næst Eyrarbyggvegi og skulu mannvirki snúa að veginum og bílastæði/geymslusvæði vera aftan við hús og minna sýnileg. Nota skal viðeigandi búnað til að draga úr hættu á hvers konar mengun.”

Með þessari tillögu er verið að búa til svæði sem mun hafa afgerandi áhrif á ásýnd Eyrarbakka og upplifun íbúa og gesta af umhverfi sem mótast í dag af náttúru og víðerni. Skjólbelti og

manir vega ekki á móti þeim áhrifum sem slíkt iðnaðarsvæði hefur í för með sér, framkvæmdin er óafturkræf.

Svæðinu er ætlaður staður við hlið svæðis sem er með skilgreindar og verndaðar vistgerðir sem eru með "mjög hátt" og "hátt" verndargildi. Ekki er tiltekið með hvað hætti á að leiða fráveitu. Hvorki á Eyrarbakka né Stokkseyri eru fráveitur sem standast nokkrar kröfur og því er vart hægt að taka fráveitu af þessu ætlaða svæði þar um.

Nánar og ítarlegar er fjallað um þetta nýja iðnaðarsvæði í forsendum umhverfisskýrslu. Þar segir m.a.;

"Sveitarfélagið vill bjóða upp á stórar lóðir fyrir ýmis konar iðnaðarstarfsemi sem þarfnast tiltölulega mikils landrýmis og nýta til þess land sem er í eigu sveitarfélagsins og eru í einhverjum tilfellum lítið eða ekkert nýtt í dag. Á þessum svæðum vill sveitarfélagið að sé möguleiki á fjölbreyttri starfsemi sem getur haft mengun í för með sér, ekki síður en hreinlegri starfsemi."

"Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg/óviss. Áhrifin fara að einhverju leiti eftir því hvers konar starfsemi verður að ræða og hvort t.d. verður um lyktarmengun að ræða. Minni áhrif af lyktarmengun þegar starfsemi er fjær þéttri byggð."

"Áhrif á loft eru óviss. Áhrifin fara eftir því um hvers konar starfsemi verður að ræða og hvort hún losar gróðurhúsalofttegundir eða ekki."

"Áhrif á land og vatn eru óveruleg. Ef mengunarvarnir uppfylla kröfur á starfsemin ekki að hafa áhrif á land og vatn."

"Áhrif á yfirbragð byggðar eru neikvæð. Stór iðnaðarsvæði með tiltölulega háum byggingum eru alltaf sýnileg."

Í fyrri drögum að nýju aðalskipulagi var gert ráð fyrir tveimur minni iðnaðarsvæðum, það er svæði við Eyrarbakka og svæði nær Tjarnarbyggð. Þessu var breytt í eitt stærra iðnaðarsvæði **Steinkotsmýri** sem hér er fjallað um. Í afgreiðslu Skipulagsstofnunar á bls. 5 er vísað í þessi tvö iðnaðarsvæði, sem nú eru orðin eitt og hafa tvöfaldast að stærð og þar segir;

Í tillögunni eru skilgreind tvö iðnaðarsvæði vestan Eyrarbyggðar sem ætluð eru fyrir iðnaðar-, athafna, verslunar- og þjónustustarfsemi, samtals 29 ha, þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi og rýmisfrokri uppbyggingu. Í umhverfisskýrslu þarf að fjalla um áhrif af stefnunni og bera saman raunhæfa valkosti m.a. varðandi staðsetningu svæðanna í þéttbýli eða dreifbýli, stærð svæðanna og mögulega annarskonar landnotkun auk þess að skoða samlegðaráhrif með samskonar svæðum í þéttbýlum. Setja þarf skipulagsákvæði varðandi umfang uppbyggingar á svæðunum. Skipulagsstofnun bendir á að með skilgreiningu svæðanna sem iðnaðarsvæði verður heimilt að starfrækja þar starfsleyfisskylda iðnaðarstarfsemi með mögulegri mengun eða ónæði sem gæti haft áhrif á íbúa á nálægum svæðum.

Svæði sem þetta og þær forsendur sem eru því til grundvallar eru hrópanði mótsögn við sjálf aðalskipulagsdrögin og þær áherslur sem eru í öndvegi í dag. Rétt er að vekja athygli á meginmarkmiði aðalskipulagsins sem þessi tillaga er hluti af;

"Megin stefna sveitarstjórnar er að vera ávallt í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru, skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða."

Einnig kemur fram í þessu sama skipulagi að þá er áhersla lögð á að;

"Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað."

Einnig kemur fram í stefnu sveitarfélagsins að þá á;

"Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að minnka kolefnisspor samfélagsins og efla hringrásarhagkerfið með áherslu á loftslagsvæna mannvirkjagerð, sjálfbæra auðlindanýtingu og bættu meðhöndlun úrgangs með tilliti til loftslagsáhrifa."

Iðnaðarsvæði þar sem sérstaklega er tiltekið að starfsemi svæðisins geti haft í för með sér "einhvers konar mengun" og boðið er upp á mikið landrými. Þetta er skipulag fortíðar ekki framtíðar eins og dæmin því miður sanna.

Varðandi staðsetningu þessa svæðis að þá er hún nánast í túnfæti byggðarinnar á Eyrarbakka. Það er því athyglisvert sem segir í forsendum;

"Stokkseyri og Eyrarbakki þykja ekki koma til greina fyrir slík svæði því stærð bygginga fellur ekki vel að þeim þorpsbrag sem þar er til staðar og vilji er til að viðhalda."

"Sveitarfélagið er hlynnt því að bjóða upp á þann valkost að iðnaðarstarfsemi sem þarf nast mikils landrýmis geti verið fyrir utan þéttbýlin."

Umrætt iðnaðarsvæði er sannarlega rétt við Eyrarbakka og er land þannig að svæði sem þetta mun verða mjög afgerandi hluti byggðarinnar verði svæðið að veruleika. Enn á ný er rétt að vekja athygli á fullyrðingu í umhverfisskýrslu er varðar svæðið;

"Neikvæð áhrif af staðsetningu iðnaðarsvæða við Eyrarbyggveg eru vegna sýnileika mannvirkja og starfsemi sem þar verður, auk mögulegrar lyktarmengunar."

Það er einnig rétt að horfa til þeirrar fullyrðingar er varðar staðsetningu iðnaðarsvæðisins rétt við Eyrarbakka með því að sameina tvö iðnaðarsvæði í eitt. Annað þeirra var staðsett nær Tjarnarbyggð og er sú hugmynd aflögð í núverandi tillögu, en um það segir;

"Það er talið hafa jákvæð áhrif á t.d. Tjarnarbyggð að vera ekki með iðnaðarsvæði alveg við hliðina á henni heldur nokkuð fjær."

Eru aðrar forsendur er kemur að staðsetningu nærri Eyrarbakka, en þær sem horft er til í ofangreindri fullyrðingu?

Afstaða Hverfisráðs er að uppbygging á þessu svæði muni minnka atvinnumöguleika, rýra landgæði, valda sjónmengun og annari mengun og eyðileggja þau tækifæri sem eftisóknarverðust þykja á 21 öldinni, ekki bara fyrir Eyrarbakka, heldur Árborg í heild sinni.

Hverfisráð krefst þess að tillaga að iðnaðarsvæði í Steinskotsmýri verði felld út úr aðalskipulagstillögu.

Almenn atriði / ábendingar;

Tjarnarbyggð / búgarðabyggð, vaxi í suður að Eyrarbakka. Hverfisráð telur það eðlilega og æskilega þróun að Tjarnarbyggð muni þróast í suður að Eyrarbakka. Mikilvægt er að tillaga um iðnaðarsvæði, Steinkostmýri I8, verði aflögð og hamli þannig ekki eðlilegri og æskilegri byggðaþróun.

Lagt er til að aðalskipulag geri ráð fyrir þessari þróun Tjarnarbyggðar í átt að Eyrarbakka og opni á hana.

Göngu- og hjólastígur sem verið er að leggja frá Selfossi að Eyrarbakka og Stokkseyri. Hverfisráð leggur til að í skipulagi nái stígurinn að Óseyrarbrú. Einnig að rætt verði við fulltrúa Ölfus um að þeir leggi hjólastíg að Óseyrarbrú. Þannig verði byggður upp sameiginlegur hjóla- og göngustígur frá Selfossi í gegnum Árborg, til Þorlákshafnar og áfram með fram Suðurstrandarvegi.

Hverfisráð vekur athygli á því að **Óseyrarbrú** er hvorki boðleg gangandi né hjólandi vegfarendum. Huga þarf að ásættanlegum leiðum í samvinnu við Vegagerðina. Rétt er að minna á Vitaleiðina sem fjöldi fólks fer og nauðsyn þess að hægt verði að fara yfir Ölfusárós með öruggum hætti gangandi og hjólandi.

Fyrirsjáanlegur er mjög aukinn **umferðarþungi um Eyrarbakkaveg**. Alþjóðleg höfn í Þorlákshöfn eykur og mun auka mjög umferð um Eyrarbakkaveg. Umferð um Suðurstrandarveg og Þrengsli eykst einnig stöðugt. Nauðsynlegt er að hefja sem fyrst viðræður við Vegagerðina um með hvaða hætti á að bregðast við þessu í tíma, til að tryggja aðgengi og öryggi þeirra sem um veginn fara.

Skjól og gróðurreiti þarf að skilgreina innan byggðar og við byggðina og hefja ræktun á skjólbeltum eins og hæfir og við á.

Golfvöllur sem er inn á núverandi skipulagi, er tekinn út úr skipulagi. Hvar er golfvelli ætluðum staður í nýjum skipulagsdrögum.

Hverfisráð leggur til að farið verði með skipulag Eyrarbakka í **arkitektasamkeppni**. Þar verði Verndarsvæði í byggð og aldamótabyggðin grunnforsenda skipulags.

Tryggja þarf framboð íbúða- og þjónustuíbúða fyrir **eldri íbúa** á Eyrarbakka

Skoða þarf **þróunarmöguleika** á svæði norðan Eyrarbakkavegar sem hæfir byggðinni.

Sú ítrekaða umræða með að [tengja byggðirnar Eyrarbakka & Stokkseyri](#), það er að byggð þróist með þeim hætti. Þá hefur verið horft til þjónustu, skólahalds og íbúabygðar þessi möguleiki er ekki nefndur á nafn í aðalskipulagsdrögum sem ná fram til ársins 2036.

Í umhverfisskýrslu er fjallað með almennum hætti um [sjávarfallsvirkjanir](#). Því er þessi möguleiki ekki tiltekinn við ströndina og sem eitt fjölmargra tækifæra.

[Gamla höfnin](#) á Eyrarbakka er vinsæll viðkomustaður og á ákveðinn hátt hjarta byggðarinnar. Sá staður fær ekki umfjöllun í aðalskipulagsgögnum. Þrátt fyrir að vera útivistarstaður, bjóða upp á fjölda tækifæra og að hrópa á nauðsynlegar viðgerðir og öryggisbúnað. Hverfisráð hvetur til þess að bætt verði úr og tækifæri hafnarsvæðisins skoðuð m.t.t. útivistar og ferðaþjónustu.

[Borað](#) hefur verið fyrir heitu vatni á Eyrarbakka án þess að það hafi borið árangur, enn langt er um liðið. Sterk rök eru fyrir því að hægt sé að komast í heitt vatn með borun. Hverfisráð hvetur til þess að sá möguleiki verði skoðaður að nýju.

Í töflu 17, er yfirlit yfir [samfélagsþjónustu](#) á Eyrarbakka. Í þann reit vantar Eyrarbyggðakirkju og væntanlega einnig Björgunarsveitina Björg á Eyrarbakka.

Samkvæmt tillögu er gert ráð fyrir byggingu tveggja hreinsistöðva og að [fráveita](#) fari í sjó. Hverfisráð hvetur til þess að skoðaðir verði aðrir möguleikar með tilliti til hagkvæmni og umhverfismála. Hreinleiki sjávar og fjöru er gríðarlega mikilvægt og mikil verðmæti fólgin í þeim. Hverfisráð leggur ríka áherslu á að fráveitumálum á Eyrarbakka verði komið sem allra fyrst í sómasamlegt ástand.

Unnin var [rannsókn á ferðamynstri](#) og vinnusóknarsvæði Selfoss árið 2017. Nær rannsóknin ekki til annarra kjarna innan sveitarfélagsins eða dreifbýlis en Selfoss. Hverfisráð hvetur til þess að rannsókn sem þessi sé einnig gerð fyrir Eyrarbakka. Slíkar upplýsingar væru gagnlegar. Styðst er til Reykjavíkur úr Árborg um og frá Eyrarbakka. Þessi staðreynd er mikilvæg með tilliti til byggðaþróunnar og rannsóknir sem gefa dýpri sýn á stöðuna hjálpa.

Fram kemur að; *"Sameiginlegur [grunnskóli](#) er á Eyrarbakka og Stokkseyri og hefur hann aðsetur á báðum stöðum; 1.-5. bekkur á Stokkseyri en 6.-10. bekkur á Eyrarbakka. Stærð skólans annar vel núverandi íbúafjölda og fyrirhugaðri fjölgun nemenda sem má gera ráð fyrir á skipulagstímabilinu".*

Þessa staðhæfingu þarf að skrifa upp á nýtt. Það liggur fyrir og hefur gert að skólahúsnæði BES annar ekki þeirri þörf sem er fyrir hendi. Auk þess vantar íþróttahús, sundlaug er vart nothæf og húsnæði fyrir frístundaheimili er ónothæft.

Sagt er að [leikskólar](#) á Eyrarbakka og Stokkseyri heiti það sama, Brimver - Leikskólinn á Stokkseyri heitir Æsukot.

Í kafla um [íþróttir og tómstundir](#) segir;

"Finna má ýmsa afþreyingu innan sveitarfélagsins. Þýr hver byggðakjarni yfir allri helstu þjónustu er varðar íþróttir og tómstundir".

Hverfisráð vekur athygli á að ekki er jafnt gefið milli byggðarlaga og verulega erfitt að sjá hvernig fullyrðing sem þessi á að geta staðist skoðun.

Í umfjöllun um [trjágróður](#) segir m.a;

"Trjágróður einkennir núorðið Selfoss. Í upphafi var mest ræktað af greni og ösp en í seinni tíð er meiri fjölbreytni í tegundum. Í strandbyggðunum á trjágróður erfiðara uppráttar vegna seltu enþó hefur nokkur árangur náðst í ræktun gróðurs í seinni tíð. Í Hellisskógi, norðan Ölfusár, hefur Skógræktarfélag Árnesinga stundað skógrækt frá árinu 1986 á um 126 ha svæði og er þar kominn myndarlegur blandaður skógur".

Vakin er athygli á því að metnaðarfullt og árangursríkt skógræktarstarf á sér stað við Hallskot ofan Eyrarbakka sem Skógræktarfélag Eyrarbakka annast.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um aðrar [auðlindir](#) með almennum hætti. Þar segir;

"Af öðrum auðlindum má nefna t.d. gróðurinn, en skógrækt getur haft jákvæð áhrif á vistkerfi, landslag og byggðaþróun. Útivistarsvæði í og umhverfis þéttbýli eru iðulega tengd skógum og skógrækt. Þá getur skógurinn gefið af sér verðmætt hráefni til byggingar og annarrar notkunar. Með dýpri skilningi og þekkingu á virkni votlenda verða þau verðmætari auðlind en ella. Ísland er vindasamt land sem hægt er að nýta til raforkuframleiðslu, þurrkunar, kælingar o.s.frv. Jarðefni s.s. sandur, mól og berg er að finna í Árborg og má nýta til byggingar og annarra þarfra hluta. Þá er sjórinn ein stærsta auðlind Íslands með sínar fiskafurðir, auk þess að með nýrri tækni er hægt að nýta sjávarföllin til raforkuframleiðslu".

Hér er hvetjandi texti tækifæra sem eiga um margt vel við um Eyrarbakka. Í sömu skýrslu stendur þegar fjallað er um framtíð Eyrarbakka að þar sé staður án raunverulegra valkosta.

Eyrarbakki er staður tækifæra og óþrjótandi möguleika. Aðal- og deiliskipulag fyrir byggðina þarf að móta þann ramma sem þarf og hæfir hinni fornu byggð í nútíma samfélagi.

Hverfisráð Eyrarbakka treystir því að drög að aðalskipulagi fyrir byggðinni verði endurskoðuð og að ábendingar og athugasemdir hverfisráðs og annara verði þar hafðar að leiðarljósi.

Fyrir hönd Hverfisráðs Eyrarbakka



Formaður

